



# Ritgerð

Benjamín dúfa

# Nú skrifum við ritgerð!

- 0 Við byrjum á ritgerðinni í skólanum og klárum hana heima
- 0 Því duglegri sem þið eruð í skólanum því minna þurfið þið að vinna heima
- 0 Síðasti skiladagur er 24. nóvember



# Vinnuferlið



- 0 Uppkast
  - 0 Yfirllestur hjá kennara
  - 0 Lagfæringar
  - 0 Yfirllestur hjá kennara
  - 0 Hreinritun (ef lagfæringar hafa verið góðar)
  - 0 Lokaskil
- 0 Athugið: þið berið sjálf ábyrgð á því að biðja kennara að lesa yfir



# Ritgerðin skiptist í þrennt:

- 0 Inngang
- 0 Meginmál
- 0 Lokaorð



- 0 Muna að skoða spurningar í leiðbeiningum en passa að svara þeim ekki beint heldur skrifa samfelldan texta.

# Frágangur

- 0 Við handskrifum ritgerðina
- 0 Skrifum á hvítt blað
- 0 Notum línublað undir
- 0 Vöndum skrift
- 0 Forsíða og ritgerð heftuð saman í vinstra horni
- 0 Muna að láta uppkast fylgja með



# Forsíða

- 0 Titill bókarinnar
- 0 Höfundur hennar
- 0 Nafn nemanda
- 0 Skóli
- 0 Kennari
- 0 Námsgrein
- 0 Hvenær (haust 2014)
- 0 Mynd





# Efnisgreinar og greinaskil

- 0 Gott er að skoða hvernig efnisgreinar eru settar upp á fyrstu blaðsíðu í kafla 1 í Benjamín dúfu.
- 0 Við afmörkum efnisgreinar með greinaskilum.
- 0 Það þýðir að þegar ný efnisgrein byrjar förum við í næstu línu og byrjum 2-3 cm innar.
- 0 Fyrsta efnisgreinin (inngangurinn) er aldrei inndregin.

# Efnisgreinar og greinaskil

1

Ekki inndregið í  
1. línu

Hverfið er eins og lítil veröld alveg út af fyrir sig og þar gerast öll þau ævintýri og leyndardómar sem geta gerst í hvaða veröld sem er. En líka svolítið sérstök ævintýri og öðruvísi leyndardómar sem aðeins gerast þar og hvergi annarsstaðar. Þó er Hverfið aðeins einn stígur og ein gata hér í borginni.

ein efnisgrein

greinaskil

Í þessu hverfi átti ég, Benjamín, heima í þriggja hæða fjölbýlishúsi sem snéri út að götunni. Vinur minn Andrés bjó í sama húsi, á hæðinni fyrir ofan. Hinum megin við götuna, í tvíflyftu timburhúsi, bjó Baldur, kallaður Baldi, með mömmu sinni og tveggja ára systur. Við Andrés vorum tíu ára en Baldi nfu. Á veturna vorum við skólabræður og á sumrin lékum við okkur saman allan daginn. Og þó dagurinn væri helmingi lengri á sumrin en á veturna, þá var eins og það væri aldrei nógur tími til að leika sér. Mæður okkar þurftu að draga okkur inn á kvöldin og reka okkur í rúmið.

ein efnisgrein

greinaskil

En það voru fleiri en við krakkarnir sem lékum lausum hala frá morgni til kvölds á heitum sumarkvöldum. Það voru að sjálfsgöðu hrekkjusvínin. Á veturna var oft erfitt að komast upp með að þína litla krakka á skólalóðinni þó að það kæmi að sjálfsgöðu fyrir. En á sumrin var eins og þessi

ein efnisgrein



# Efnisgreinar og greinaskil

- 0 Ritgerðin skiptist svona:
  - 0 Inngangur, 1 efnisgrein
  - 0 Meginmál, 3 efnisgreinar:
    - 0 Söguþráður
    - 0 Persónulýsingar
    - 0 Umhverfi
  - 0 Lokaorð, 1 efnisgrein



# Inngangur

- 0 Nafn bókar
- 0 Nafn höfundar
- 0 Blaðsíðufjöldi
- 0 Útgáfufyrirtæki
- 0 Útgáfuár
- 0 Segðu örstutt frá höfundinum og hvort hann hefur gefið út fleiri bækur



# Meginmál

## 0 Söguþráður:

- 0 Efni sögunnar endursagt í stuttu máli
- 0 Segðu frá helstu atburðum sögunnar og hvernig hún endar

## 0 Persónulýsingar:

- 0 Hverjar eru aðalpersónur sögunnar?
- 0 Lýstu þeim, t.d. aldri, útliti og eiginleikum
- 0 Hvernig tengjast persónurnar?

## 0 Umhverfi

- 0 Hvar og hvenær gerist sagan?
- 0 Hvað gerist hún á löngum tíma?
- 0 Hvernig er umhverfinu lýst?





# Lokaorð

- 0 Hvert er þitt álit á bókinni?
- 0 Hvað fannst þér gott við bókina og hvað mætti fara betur?
- 0 Var bókin skemmtileg, spennandi, fyndin eða sorgleg?
- 0 Hvað er gert til að gera bókina spennandi - finnst þér það takast?
- 0 Hefur sagan einhvern boðskap - er höfundurinn að reyna að kenna okkur eitthvað?
- 0 Ráðleggur þú öðrum að lesa bókina?
- 0 Hvaða aldri hentar bókin?

# Mat á ritgerðinni

- 0 Þegar kennari fer yfir ritgerðina þína og gefur henni einkunn notar hann gátlista sem finna má í leiðbeiningunum. Gott er að skoða gátlistann áður en ritgerðinni er skilað og laga það sem þarf.
- 0 Í leiðbeiningunum er einnig gátlisti sem gott er að nota til að hjálpa sér.



# Mundu:

- 0 að vanda þig!
- 0 að skila ritgerðinni ekki síðar en mánudaginn 24. nóvember.
- 0 að því meira sem þú vinnur í skólanum, því minna þarft þú að gera heima.

